

Fundur 25.4.2022 Sir Arthur Conan Doyle.

Heilsa ég ykkur úr stjörnusambandsstöð og vonandi að þið hafið það öll gott, hef ég talað til ykkar áður og hér er mikil orka og finnst okkur alltaf ánægjulegt að komast í samband við gömlu jörðina.

*Einhver vitleysa á döfinni?*

Já, hef ég æfinlega talað við, haft samband við hnött þann, þar sem ykkar fjölmörgu Íslendingar eru staddir og þar sem dr. Helgi Pjeturss kom fyrst fram og hef ég lengi haft áhuga á að hitta hann augliti til auglitis og gerðist það næstum því einu sinni þegar hann átti kost á því að ferðast en ekki gerðist það þó alveg þar sem annað truflaði og kom í veg fyrir það en það mun væntanlega gerast síðar.

Hef ég átt firðtal við hann og höfum við haldið tengslunum og áhugi minn á öllu því sem ég fékkst við á gömlu jörðinni hefur ekki dvínað og segja má að hér á þessari jörð hafi ég fengist við þessi málefni af miklu meiri alvöru og festu og gæti ég sagt margt merkilegt frá því.

Man ég eftir því að eitt sinn kom ég í samband til ykkar, þá náði ég ekki að klára erindi mitt sökum spurninga en nú get ég komið fram erindi mínu betur og vil ég sérstaklega lýsa einu áhugamáli mínu sem ég veit að mun vekja áhuga ykkar en það er fram koma líkamninga.

Áður en lengra er haldið vil ég segja nafn mitt svo þið skiljið afhverju áhugi minn stafar og vitið á mér deili og hvers vegna ég kannast við dr. Helga Pjeturss en hélt ég sambandi við hann á gömlu jörðinni og skrifaði honum og svaraði, Sir Arthur Conan Doyle.

*Já vertu blessaður og velkominn.*

Já komið þið sæl.

*Ég þakka þér fyrir allar góðu bækurnar.*

Já þakka þér fyrir.

Ætla ég nú að fjalla um eitt atriði spíritismans sem hefur vakið áhuga minn og það eru líkamningar, get ég ekki farið mjög náíð úr í þetta að sinni en ætla ég að lýsa einu atriði í þessu máli sem ég vildi koma að áður og vona ég að það takist að þessu sinni.

Eitt af því sem ég rakst á þegar fræddi mig um þetta málefni á þessum hnetti er að ekki er einungis mikil breyting hjá þeim sem tekur á móti líkamningi heldur er mikil breyting frá þeim sem sendir af stað líkamning og skapar hann og er það sem ég vissi ekki um þetta áður er að mikla orku þarf til þess og sérstaka hæfileika og er það svo erfitt vegna þess að orkan sem myndast er náskyld þeirri orku sem losnar við andlát manneskju og myndast í nýjum heimi, nýjum hnetti og þarf því sérstaka lægni og færni til þess að láta það takast svo vel fari og var ég ekki á villigötum þegar ég hafði áhuga á þessu málefni á gömlu jörðinni.

Vona ég að ég geti farið nánar út í þetta síðar en áður en ég kveð ykkur vil ég segja að ég hef haldið áfram að skrifa bækur um eftirlætis söguhetju margra og fyrirmyndir á þessum hnetti mínum í framlífi hafa skapað mér aðrar ráðgátur og flóknari sem byggjast á náttúrulögmálum í þessum heimi sem eru ekki alveg sömu eins og á gömlu frumlífs jörðinni.

Vona ég að gamla fjölskylda mín blessist sem best og aðrir á gömlu jörðinni og finnst okkur það ánægjulegt að fylgjast með gömlu jörðinni og reynum að komast í sambandið þegar hægt er.

Vil ég nú kveðja ykkur og verið þið sæl og þakka ykkur fyrir.

*Þakka þér fyrir komuna og vertu velkominn aftur, blessaður.*